

Tillögur um breytingar á samþykktum Frjálsa lífeyrissjóðsins, lagðar fyrir ársfund 23. maí 2024

Lagt er til að gerðar eru tvær breytingar á samþykktum sjóðsins. Viðbótartillögur við samþykktirnar eru auðkenndar með grænu letri og undirstrikun og sá texti sem lagt er til að verði eytt, er auðkenndur með rauðu letri og yfirstrikun.

Tillögur stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins um breytingar á samþykktum sjóðsins

Breyting á gr. 16.2

Breytingartillaga 1 (tilhögun lífeyrisgreiðslna)

16.2 Lífeyrir greiðist úr tryggingadeild og bundinni séreign mánaðarlega eftirá. Ellilífeyrir greiðist fyrir heila mánuði eftir að umsókn berst sjóðnum og greiðist ekki aftur í tímann. Þó er heimilt að greiða ellilífeyri fyrir sama mánuð og umsókn berst sjóðnum. Síðasta greiðsla elli-, örorku-, maka- og barnalífeyris er greidd fyrir þann mánuð er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Þegar hámarksaldri er náð skv. gr. 10.2. skal sjóðurinn hefja greiðslu ellilífeyris vegna næsta mánaðar þar á eftir, enda hafi sjóðurinn nauðsynlegar upplýsingar þar að lútandi. Aldrei skal sjóðnum skylt að úrskurða örorku-, maka- og barnalífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár sem reiknast frá byrjum mánaðar er umsókn berst sjóðnum. Nemi áunnin réttindi til lífeyris minna en 1.500 kr. á mánuði er sjóðnum heimilt að greiða lífeyrisþega í einu lagi þá upphæð sem svarar til tryggingafræðilegs virðis lífeyrisréttarins. Upphæðin uppfærist mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitöluna 230. Ef bundin séreign sjóðfélaga er lægri en 500.000 kr. er sjóðfélaga heimild að fá hana greidda út í heilu lagi. Upphæðin uppfærist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysliverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

Rökstuðningur:

Lagt er til að tvær breytingar verði gerðar á gr. 16.2. Annars vegar er lagt til að orðalagi ákvæðisins verði breytt þannig að skýrt sé að sjóðurinn greiði ellilífeyri eingöngu fyrir heila mánuði. Hins vegar er lagt til að skýrt sé að greitt sé fyrir heila mánuði þann mánuð sem sótt er um lífeyri og þann mánuð sem lífeyrir fellur úr gildi.

Breyting á gr. 22.1

Breytingartillaga 2 (gildistaka)

22.1 Samþykktir þessar gilda frá 1. júlí 1999 með síðari breytingum, nú síðast í maí 2023 sbr. samþykki ársfundar 31. maí 2023. Breytingarnar öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir staðfestingu fjármálaráðuneytisins. Stjórn sjóðsins hefur þó heimild til að ákveða aðra dagsetningu og skal hún tilkynnt á ársfundi sjóðsins.

Rökstuðningur:

Lagt er til að bætt verði við að stjórn verði heimilt að ákveða aðra dagsetningu á gildistöku samþykktar eftir staðfestingu fjármálaráðuneytisins og ef stjórn ætli að nýta sér slíka heimild þá verði tilkynnt um hana fyrirfram á ársfundi. Stjórn kann að þurfa nýta sér þessa heimild ef samþykktabreytingar kalla á mikla þróunarvinnu á kerfum sjóðsins sem taki lengri tíma en að fá staðfestingu frá ráðuneytinu.